

Nd.

566. Tillaga

til þingsályktunar um endurskoðun berklavarnalaganna.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson og Jón Ólafsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til íhugunar, hvernig berklavörnum verði komið fyrir á tryggilegan hátt, en þó jafnframt dregið að mun úr hinum gifurlega kostnaði, er ríkissjóður hefir nú af ráðstöfunum í þeim efnum, og leggja lagafrumvarp um það efni fyrir næsta þing.